

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2010

frá 10. desember 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2010 frá 10 nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (endurútgefin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/16/EB fellur úr gildi, hinn 1. janúar 2011, tilskipun ráðsins 95/21/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. janúar 2011.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 56b (tilskipun ráðsins 95/21/EB) verði endurtölusettur sem liður 56aa.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir hinum nýja lið 56aa (tilskipun ráðsins 95/21/EB):
„56b. **32009 L 0016**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).“
3. Texti liðar 56aa (tilskipun ráðsins 95/21/EB) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. janúar 2011.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 81, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/16/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.